



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Búðará á Reyðarfirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/001

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir deiliskipulagssvæðið.

© Guðný Zoëga, allur réttur áskilinn.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Ágrip af sögu Bakkagerðis	6
Fornleifaskrá	7
Samantekt	9
Heimildaskrá	10



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir útmörk deiliskipulagssvæðisins. Gulu línurnar innan svæðisins eru uppmæld mannvirki.

Inngangur

Að beiðni Fjarðabyggðar var gerð fornleifaskráning á deiliskipulagsreit austan Búðarár. Ætlunin er að hanna þar útivistarsvæði. Um er að ræða 7ha svæði ofan við Íslenska stríðsárásafnið við Heiðarveg, vestan við núverandi vatnstank og með vegi upp að Búðararfossi. Vettvangsferð var farin þann 22.10.2022 og Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, sá um skráningu, úrvinnslu og skýrsluskrif.

Upplýsingar veitti:

Sigfús Guðlaugsson, fv. rafveitustjóri á Reyðarfirði.
Heimildamanni eru færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2828

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir

séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.


Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar sem og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í fyrrum landi Bakkagerðis er nafn þeirrar jarðar notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 2828.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu skráðra minja.

skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um staðsetningu stíga eða annarra mannvirkja eru allar minjar innan svæðis skráðar í hættu.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Yfirlitsmynd af svæðinu auk afstöðumyndar af minjum er að finna í meginmáli. Í samantekt er tafla þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Ágrip af sögu Bakkagerðis

Svæðið sem skráð var tilheyrði áður býlinu Bakkagerði. Býlisins er fyrst getið í manntali árið 1703 og var þá einn ábúandi.² Á seinni tímum var oft þrí- til fjórbýlt á Bakkagerði³. Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 var Bakkagerði hjáleiga frá Teigargerði og ekki metin til hundraða.⁴ Hvorki er gefinn upp dýrleiki né landskuld og kúgildi ekki tiltekin. Árið 2004⁵ var gerð fornleifaskráning í landi Bakkagerðis en þá voru engar minjar skráðar innan deiliskipulagsreitsins.


² Tekið af síðunni manntal.is

³ Sveitir og jarðir í Múlþingi, 3. bindi, bls. 156.

⁴ Jarðatal á Íslandi 1847, bls. 375.

⁵ Guðný Zoëga ofl., 2004.

Fornleifaskrá



Mynd 3. Steypt vatnsþró [2828-001], hluti af vatnsveitunni fyrir kaupúnið. Horft í vestur.

Bakkagerði 2828-001

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Steinsteypa

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Leifar fyrstu vatnsveitu Reyðarfjarðar eru innan skógræktar, 130m ofan við lóð Stríðsárasafnsins og um 50m norður af veginum sem liggur vestan vatnstanksins og upp að Búðarárfossi.

Lýsing

Um er að ræða leifar af hlaðinni þró sem vatni hefur verið safnað í. Leifar af vatnspípu eru í suðvestur vegg þróarinnar. Um 10m ofan þróarinnar er svo grjóthlaðin og steyppt fyrirhleðsla, þar sem vatni hefur verið safnað saman í lítið uppistöðulón. Veggurinn er hæstur 1,3m og 10cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Um 7m austan við þróna er farvegur lækjar sem rann úr svokölluðum Dýjadal þar sem voru kaldavermsl. Samkvæmt heimildamanni, Sigfúsi Guðlaugssyni er

þetta líklega fyrsta vatnsveita Búðareyrar. Hann taldi að vatnsveitan gæti verið frá því um miðja 20. öld, mögulega tengd hersetunni í upphafi en síðar nýtt af bæjarbúum.

Bakkagerði 2828-002

Hlutverk: Stífla, brú

Tegund: Hleðsla, steinsteypa

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Leifar fyrstu vatnsveitu Reyðarfjarðar er innan skógræktar, 130m ofan við lóð Stríðsárasafnsins og um 50m norður af veginum sem liggur vestan vatnstanksins og upp að Búðarárfossi. er hleðsla við læk. Hleðslan er hæst um 50cm og breidd um 2m.

Lýsing

Nokkrum metrum ofan við steyppta vatnsþró [2828-1] er



Mynd 4, Horft til vesturs yfir steyppta vatnsþró [2828-001]. Hleðsla [2828-002] sést hægra megin fyrir miðri mynd.

hleðsla og steinsteypur kantur í lækjarkanti. Þar hefur verið safnað saman vatni til að fylla þróna.

Aðrar upplýsingar

Um 7m austan við þróna [2828-002] er farvegur lækjar sem rann úr svokölluðum Dýjadal. Samkvæmt heimildamanni, Sigfúsi Guðlaugssyni er þetta líklega fyrsta vatnsveita bæjarins.. Svo virðist sem vatn hafi verið leitt úr læknum eftir manngerðum skurði til vesturs niður í Búðará. Hleðslan eða stíflan hefur myndað dálítið lón ofan við þróna [2828-001]. Þessi mannvirki sjást ágætlega á loftmynd sem tekin var 1974 og finna má á vef Landmælinga Íslands.⁶



Mynd 5. Horft til na eftir grjóthleðslu [2828-003]

Bakkagerði 2828-003

Hlutverk: Óþekkt, herminjar?

Tegund: Niðurgröftur, hleðsla

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Um 20m vestur af vegi sem liggur upp að Búðarárfossi og um 40m SA af vatnsþró [2828-001] er einföld grjótröð.

Lýsing

Lág hleðsla er greinileg á um 15m löngum kafla, hún liggur SV-NA. Hleðslan er hæst um 20cm og um 40cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Stefán Guðlaugsson kannast ekki við þessa hleðslu. Hún gæti verið frá stríðsárunum eða síðar. Þessi hleðsla sést ekki glögg á loftmynd frá 1974.

Bakkagerði 2828-004

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Niðurgröftur


Hættumat: Hætta.

Staðhættir

Skurður hefur verið grafinn út frá lækjarfarvegi austan vatnsþróarinnar [2828-001] til vesturs að Búðará.

Aðrar upplýsingar

Skurðurinn er hluti af vatnsveitumannvirkjum og telst ekki til fornleifa skv. laganna hljóðan. Þessi mannvirki sjást ágætlega á loftmynd sem tekin var 1974.



Mynd 6. Steipt vatnsþró [2828-001] sést ofan við miðja mynd. Fyrir miðri mynd er hleðsla [2828-003] sem myndar lón og upp frá því hægra megin við vatnsþróna má sjá vatnsveituskurð [2828-004]

⁶ LMI-Kort-D19D-6234, sótt af <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Samantekt

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á deiliskipulagssvæðinu.

Númer	Hlutverk	Tegund	Aldur	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2828-001	vatnsveita	steinsteypa	1945-1970	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	725636	512841
2828-002	vatnsveita	hleðsla, steinsteypa	1945-1970	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir, gróður	725648	512845
2828-003	óþekkt, herminjar?	hleðsla	1945-1970	greinanleg	hætta	Framkvæmdir, gróður	725671	512830
2828-004	vatnsveita	niðugróftur	1945-1970	vel greinanleg	hætta	Framkvæmdir, gróður	725611	512851

Alls voru fjórar minjar skráðar á deiliskipulagsreitnum (sjá töflu 1). Þrjár þeirra tengjast vatnsveitu í kaптúninu [2828-001, 002 og 004]. Tilgangur hleðslu [2828-003] er hinsvegar ekki þekktur. Engar minjanna eru 100 ára eða eldri og þær teljast því ekki til friðaðra fornleifa. Þarna er þó um að ræða minjar sem tengjast sögu kaптúnsins og því áhugaverðar til kynningar sem slíkar. Við skráninguna lá ekki fyrir hvar mannvirki eða göngustígar verða sett niður þannig að allar minjarnar eru metnar í hættu, annarsvegar vegna mögulegra framkvæmda og hinsvegar vegna gróðurs.

Mikill gróður er á svæðinu (t.a.m. lúpína). Því kunna mannvirkjaleifar að leynast þar sem ekki sjást vegna gróðurs. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2004/27.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: útgefanda ekki getið.

Sveitir og jarðir í Múlapingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns.

www.manntal.is

Heimildamaður:

Stefán Guðlaugsson.